

## Fundargerð 110. fundar stjórnar SSNV, 25. júní 2024

Priðjudaginn 25. júní 2024, kom stjórn SSNV saman á Blönduósi. Hófst fundurinn kl. 9.00. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Álfhildur Leifsdóttir, Magnús Magnússon og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Halldór Gunnar Ólafsson tengist fundinum á Teams og Guðmundur Haukur Jakobsson var fjarverandi.

## Dagskrá:

1. Verkefni SSNV
2. Sjálfbær atvinnuþróun
3. Sóknaráætlun 2025-2029
4. Verðmætasköpun í dreifbýli og leiðir í byggðafestu
5. Ný íbúakönnun landshlutanna
6. Samráðsvettvangur stjórna landshlutasamtaka Norðvesturkjördæmis
7. Framlögð mál til kynningar
  - a. Fundargerðir
  - b. Umsagnir
8. Skýrsla framkvæmdastjóra

## Afgreiðslur

**1. Verkefni SSNV**

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir verkefnastjóri hjá SSNV kom til fundar og kynnti verkefni er snúa að atvinnuþróun og atvinnuráðgjöf. Sveinbjörg fjallaði líka um verkefni sem tengjast Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar og Evrópuverkefnið Target Circular. Stjórn þakkar Sveinbjörgu góða framsögu og yfirferð verkefna.

**2. Sjálfbær atvinnuþróun**

Framhald umræðu frá 108. fundi stjórnar SSNV. Páll Snævar Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV kom sem gestur til fundar á Teams. Páll fjallaði nánar um verkefnið „Sjálfbær atvinnuþróun“ leiðir og útfærslu á Vesturlandi. Stjórn þakkar Páli góða framsögu og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram samkvæmt samtali.

**3. Sóknaráætlun 2025-2029**

Framkvæmdastjóri greinir frá stöðu verkefnis og framvindu. Sjá minnisblað framkvæmdastjóra [hér](#)

**4. Verðmætasköpun í dreifbýli og leiðir í byggðafestu**

Framkvæmdastjóri greinir frá stöðu verkefnis og framvindu. Sjá minnisblað framkvæmdastjóra [hér](#)

**5. Ný íbúakönnun**

Vífill Karlsson, dósent og hagfræðingur kom sem gestur til fundar á Teams og kynnti niðurstöður íbúakönnunar með áherslu á Norðurland vestra.

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni allra landshlutasamtaka utan höfuðborgarsvæðisins, ásamt Byggðastofnun. Könnunin hófst haustið 2023 en dróst fram á veturinn 2024. Þátttakendur voru um 11.500. Könnunin byggir á tilviljunarkenndu úrtaki. Könnunin var lögð fyrir á

íslensku, pólsku og ensku. Íbúakönnunin var fyrst framkvæmd á Vesturlandi árið 2004 en síðan á þriggja ára fresti. Könnunin var nú framkvæmd í annað sinn á öllu landinu. Hér má sjá könnunina í heild sinni [SMELLIÐ](#).

Stjórn þakkar Vífli góða framsögu og yfirferð.

## 6. Samráðsvettvangur stjórna landshlutasamtaka Norðvesturkjördæmis

Framkvæmdastjóri kynnir hugmyndir framkvæmdastjóra landshlutasamtaka SSNV, SSV og Vestfjarðastofu um aukið samráð og samtal í kjördæminu. Stjórn tekur vel í erindið og fagnar samtalinu um aukið samráð. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

## 7. Framlögð mál til kynningar

### a. Fundargerðir

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 31. maí 2024. [Fundargerðin](#).

Stýrihópur Stjórnarráðs um byggðamál, 3. júní 2024. [Fundargerðin](#).

Stjórn SSA, 17. maí 2024. [Fundargerðin](#). Stjórn SSH, 3. júní 2024. [Fundargerðin](#).

Stjórn SSNE, 5. júní 2024. [Fundargerðin](#). Stjórn SSS, 5. júní 2024. [Fundargerðin](#).

Stjórn SSH, 6. maí 2024. [Fundargerðin](#). Stjórn SASS, 6. júní 2024. [Fundargerðin](#).

### b. Umsagnir

[Frumvarp til laga um loftslagsmál \(ný heildarlög\)](#). Mál nr. S-120/2024. Umsagnarfrestur er til og með 16. júlí 2024.

[Áform um gerð samninga við Þekkingarsetur á landsbyggðinni](#). Mál nr. S-116/2024.

Umsagnarfrestur er til og með 28. júní 2024.

[Drög að rannsóknaráætlun 2024-2026 um rannsóknir og gagnaöflun í ferðaþjónustu](#). Mál nr. S-121/2024. Umsagnarfrestur er til og með 18. júlí 2024.

[Ný og uppfærð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#). Mál nr. S-119/2024. Umsagnarfrestur er til og með 14. ágúst 2024.

## 8. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:58.

Einar E. Einarsson, Magnús Magnússon, Álfhildur Leifsdóttir, Halldór Gunnar Ólafsson, Katrín M. Guðjónsdóttir.